



**SAMGÖNGURÁÐUNEYTIÐ**

**Jöfnunarsjóður sveitarfélaga**

**ÁRSSKÝRSLA 2007**



**SAMGÖNGURÁÐUNEYTIÐ**

**Jöfnunarsjóður sveitarfélaga**

**ÁRSSKÝRSLA 2007**

Ársskýrsla 2007  
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga  
Hafnarhúsinu  
Tryggvagötu  
150 Reykjavík  
2008/10  
Prentun: Prentsmiðjan Oddi

---

## Hlutverk Jöfnunarsjóðs afar þýðingarmikið

Í fyrsta skipti er nú efnt til ársfundar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í þessari skýrslu eru lagðir fram reikningar og greint frá helstu þáttum í starfi sjóðsins á síðasta ári. Tilgangur ársfundarins er að kynna fyrir sveitarstjórnnum hlutverk og viðfangsefni Jöfnunarsjóðsins og skapa þannig grundvöll fyrir umræðu um mikilvægi sjóðsins.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga var stofnaður árið 1937. Hann hefur allar götur síðan gegnt þýðingarmiklu hlutverki fyrir sveitarfélögin í landinu og jafnað aðstöðumun þeirra. Sést það best á því að hlutdeild tekna sveitarfélaganna frá Jöfnunarsjóði er allt að 60% hjá þeim sem fá hæstu framlögin en að meðaltali er hlutfallið 10%.



Þegar málefni sveitarfélaganna voru flutt frá félagsmálaráðuneytinu til samgönguráðuneytis um síðustu áramót varð mikil breyting á ráðuneytinu. Í raun varð til nýtt ráðuneyti með nýjum verkefnum, nýju starfsfólki og meiri umsvifum á allan hátt. Starfsmenn ráðuneytisins hafa tekið á þessum verkefnum, aðlagð ráðuneytið breytingunum og tekist vel að mínu mati.

Sveitarstjórnarmál falla vel að þeim verkefnum og málum sem samgönguráðuneytið vinnur að. Hvort sem við lítum til vegamála, flugmála, siglingamála, fjarskiptamála eða öryggismála – allt eru þetta svið sem snerta mjög náið sveitarstjórnirnar í landinu.

Framundan er að styrkja og efla sveitarfélögin með því að ríkisvaldið vill fela þeim fleiri verkefni og um leið þarf að styrkja þau fjárhagslega. Í því skyni eru ýmsar leiðir kannaðar: Að breyta tekjustofnum, stækka einingarnar og efla samstarfið.

Framundan eru því breytingar og bæði ríki og sveitarfélög þurfa að búa sig sem best undir að hrinda þeim í framkvæmd. Ljóst er að Jöfnunarsjóður gegnir afar þýðingarmiklu hlutverki í að jafna aðstöðumun sveitarfélaga og hann skiptir því sköpum fyrir sveitarfélögin.

Við fögnum nýjum verkefnum og nýjum samstarfsaðilum. Á þessum stutta tíma sem við höfum hýst sveitarstjórnarmálin hefur samstarf við sveitarfélögin verið mikið og farsælt enda ekki í fyrsta sinn sem leiðir samgönguráðuneytis og sveitarfélaga liggja saman. Á erfiðum tímum reynir enn meira á þetta samstarf okkar og ég er sannfærður um að það á eftir að ganga vel hér eftir sem hingað til.

*Kristján L. Möller  
Samgönguráðherra*

**Jöfnunarsjóður sveitarfélaga** starfar á grundvelli III. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995 með síðari breytingum. Hlutverk sjóðsins er að greiða sveitarfélögum framlög til jöfnunar á mismunandi tekjumöguleikum þeirra og útgjaldaþörf á grundvelli ákvæða laga, reglugerða og vinnureglna sem settar eru um starfsemi hans. Þá greiðir sjóðurinn framlög til samtaka sveitarfélaga, stofnana þeirra og annarra aðila í samræmi við ákvæði laga.

**Samgönguráðherra** hefur á hendi yfirstjórn Jöfnunarsjóðs en honum til ráðuneytis er fimm manna ráðgjafarnefnd.

### **Ráðgjafarnefnd**

Að afloknum sveitarstjórnarkosningum skipar ráðherra fimm manna ráðgjafarnefnd til fjögurra ára. Fjórir nefndarmenn eru skipaðir samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga en einn nefndarmaður er skipaður án tilnefningar og er hann jafnframt formaður nefndarinnar.

Í ársbyrjun 2007 létu fulltrúar sambandsins þau Guðmundur Bjarnason, fyrrv. bæjarstjóri í Fjarðabyggð, Halldór Halldórsson, bæjarstjóri í Ísafjarðarbæ og Ingunn Guðmundsdóttir, fyrrv. sveitarstjóri í Skeiða- og Gnúpverjahreppi af störfum í nefndinni. Í stað þeirra voru skipuð þau Hermann Jón Tómasson, formaður bæjarráðs í Akureyrarkaupstað, Páley Borgþórsdóttir, formaður bæjarráðs í Vestmannaeyjabæ og Sigríður Finsen, forseti bæjarstjórnar í Grundarfjarðarbæ. Valgarður Hilmarsson, forseti bæjarstjórnar í Blönduós bæ hefur setið í ráðgjafarnefndinni sem fulltrúi sambandsins frá 1990.

Herdís Á Sæmundardóttir, varaþingmaður, tók við formennsku í nefndinni af Húnboga Þorsteinssyni, fyrrv. skrifstofustjóra í félagsmálaráðuneytinu, í ársbyrjun 2005 en Húnbogi hafði verið formaður nefndarinnar allt frá því að sjóðurinn tók til starfa í sinni núverandi mynd við breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga 1. janúar 1990. Herdís gegndi störfum formanns þar til í ársbyrjun 2008 en þá var Guðmundur Bjarnason, fyrrv. bæjarstjóri í Fjarðabyggð skipaður formaður nefndarinnar.

Hlutverk ráðgjafarnefndar er að gera tillögur til ráðherra um framlög úr sjóðnum önnur en svokölluð bundin framlög.

Að jafnaði fundar nefndin einu sinni í mánuði yfir vetrartímann en sjaldnar að sumri til. Nefndin hélt 9 bókaða fundi á árinu. Auk þess fundaði nefndin að venju með forstöðumönnum skólaskrifstofa og grunnskólafulltrúum sveitarfélaga og var sá fundur haldinn 7. desember. Aðalefni þess fundar var umfjöllun um málefni innflytjendabarna í íslenskum skólum og hlutverk Barnaverndarstofu í tengslum við fósturbörn og grunnskólann. Fundurinn var vel sóttur.

## **Starfsmenn**

Starfsmenn sjóðsins eru þrír og eru þeir allir skráðir starfsmenn samgönguráðuneytisins. Í árslok 2007 lét Guðni Geir Einarsson, sérfræðingur, af störfum eftir sex ára ötult starf hjá sjóðnum. Við starfi hans tók Halldór V. Kristjánsson, stjórnsýslufræðingur. Auk Halldórs starfa hjá sjóðnum þær Elín Gunnarsdóttir, sérfræðingur og Elín Pálsdóttir, forstöðumaður.

## **Nefnd um endurskoðun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga**

Nefnd sú sem þáverandi félagsmálaráðherra skipaði 9. september 2005, að tillögu tekjustofnanefndar frá 17. mars 2005, til að endurskoða gildandi laga- og reglugerðarákvæði er gilda um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga skilaði tillögum sínum til félagsmálaráðherra 28. desember 2007. Á lokafundi nefndarinnar í janúar sl. voru tillögurnar kynntar fyrir samgönguráðherra.

Í nefndinni áttu sæti: Herdís Á. Sæmundardóttir, varaþingmaður, formaður, alþingismennirnir Arnbjörg Sveinsdóttir og Birkir Jón Jónsson og sveitarstjórnarmennirnir Flosi Eiríksson, Gunnar Svavarsson, Halldór Halldórsson og Helga Erlingsdóttir. Valgarður Hilmarsson tók sæti Halldórs í nefndinni haustið 2007. Með nefndinni störfuðu sérfræðingar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, félagsmálaráðuneyti, Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, fjármálaráðuneyti og viðskipta- og iðnaðarráðuneyti.

Nefndinni var ætlað að að meta kosti og galla núverandi jöfnunarkerfis og hugsanlega þörf fyrir endurskoðun á kerfinu í heild eða einstökum þáttum þess. Sérstaklega var nefndinni ætlað að horfa til þess hvort breytingar á sveitarfélagaskipan, tekjustofnum og verkefnum sveitarfélaga í tengslum við átak til eflingar sveitarstjórnarstigsins hefðu breytt forsendum fyrir núverandi kerfi þegar horft væri til framtíðar.

Væntingar manna til sameiningarátaksins gengu hins vegar ekki allar eftir og því varð ekki um uppstökkun á starfsemi sjóðsins að ræða. Hins vegar hafa tillögur nefndarinnar að geyma mikilvægar breytingar á einstökum reglum sjóðsins sem munu hafa í för með sér mun markvissari jöfnun milli sveitarfélaga.

## **Stjórnsýsluúttekt – Jöfnunarsjóður sveitarfélaga og grunnskólinn**

Á árunum 2005 - 2007 vann Ríkisendurskoðun að stjórnsýsluúttekt á framlögum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til reksturs grunnskóla. Tilgangur úttektarinnar var að skoða hvernig sjóðnum tækist að jafna getu sveitarfélaga til að halda úti grunnskólum og tryggja að þau hafi fullnægjandi fé til reksturs þeirra, þ.e. hvort og að hve miklu leyti hann nær að draga úr aðstöðumun sveitarfélaga við að halda úti grunnskóla.

Drög Ríkisendurskoðunar að skýrslu lágu fyrir í desember 2007 og voru þau send félagsmálaráðuneytinu og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til yfirlestrar og gefið var tækifæri á að koma að athugasemdum. Skýrslan var síðan gefin út í janúar 2008.

Í skýrslunni kemur fram að ekkert bendi til annars en að sjóðurinn sinni sínu starfi vel á grundvelli gildandi laga- og reglugerðarákvæða. Hins vegar eru settar fram í skýrslunni ábendingar um framlög Jöfnunarsjóðs og tengsl hans við kostnað sveitarfélaga af rekstri grunnskóla svo og við tekjur sveitarfélaganna almennt. Telur Ríkisendurskoðun að ná megi fram markvissari jöfnun með einfaldara kerfi og kemur fram með ábendingar þar að lútandi.

Samgönguráðherra hefur skipað þriggja manna verkefnishóp til að fara yfir ábendingar þær sem fram koma í skýrslu Ríkisendurskoðunar. Hópurinn er skipaður einum fulltrúa frá samgönguráðuneytinu, Halldóri V. Kristjánssyni, sérfræðingi hjá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, einum fulltrúa frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Gunnlaugi Júlíussyni, sviðsstjóra, og Auðuni Guðjónssyni, löggiltum endurskoðanda hjá KPMG hf., sem er óháður úttektaraðili verkefnisins. Niðurstöðu úr vinnu hópsins má vænta á næstunni.

### **Átak til eflingar sveitarstjórnarstigsins**

Í tengslum við átak til eflingar sveitarstjórnarstigsins og í samræmi við sameiginlega viljayfirlýsingu félagsmálaráðherra, fjármálaráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 17. september 2004 verður allt að 2.000 - 2.400 m.kr. varið til sameiningarframlaga á árunum 2005 - 2009 í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Í áætluninni sem fylgir yfirlýsingunni kemur fram að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga leggi á tímabilinu til 500 m.kr., af áður lögbundnu framlagi Jöfnunarsjóðs í Lánasjóð sveitarfélaga komi 800 m.kr. og frá ríki komi 700 - 1.100 m.kr. Á grundvelli viljayfirlýsingarinnar var Jöfnunarsjóði þannig tryggt viðbótarfjármagn til að styðja myndarlega við þau sveitarfélög sem sameinuðust á grundvelli átaksins.

Úthlutun framlaga fer fram á grundvelli reglna nr. 295/2003 um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga. Alls urðu til tíu ný sveitarfélög á átakstímanum og er áætlað að heildarfjárbörf vegna átaksins á grundvelli framangreindra reglna muni nema um 2.200 m.kr. Í árslok 2007 höfðu samtals 1.011 m.kr. komið til greiðslu. Þar af eru framlög að fjárhæð um 83 m.kr. vegna sameiningar-tillagna sem ekki gengu eftir.

### **Úttekt á átaki til eflingar sveitarstjórnarstigsins**

Samgönguráðherra hefur falið Stjórnsýsluráðgjöf ehf. að gera úttekt á sameiginlegu átaki ríkis og sveitarfélaga til eflingar sveitarstjórnarstigsins. Markmið með verkinu er að meta árangur átaksins og koma fram með hugmyndir um hvernig best sé að standa að frekari eflingu sveitarstjórnarstigsins í komandi framtíð. Niðurstöður úttektarinnar verða kynntar á ársfundi sjóðsins fyrir árið 2007.

## Aukaframlag

Að tillögu tekjustofnanefndar frá 17. mars 2005 greiðist árlega sérstakt 700 m.kr. aukaframlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árunum 2006 - 2008. Á grundvelli viljayfirlýsingar ríkisstjórnar Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 22. mars 2007 nemur þetta tímabundna aukaframlag 1.400 m.kr. á árunum 2007 og 2008.

Á árinu 2006 var varið 350 m.kr. til sveitarfélaga vegna íbúafækkunar og 350 m.kr. vegna þróunar útsvarsstofns. Við tvöföldun aukaframlagsins á árinu 2007 var talið eðlilegt að fjölga viðmiðum framlagsins í því skyni að fjölga þeim sveitarfélögum er fengju úthlutað framlagi.

Að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga gaf félagsmálaráðherra út reglur nr. 884/2007 um ráðstöfun aukaframlagsins á árinu 2007. Meginmarkmiðið með reglunum var að ná til þeirra sveitarfélaga sem talin væru utan svokallaðra vaxtarsvæða og var framlaginu ætlað að jafna aðstöðumun sveitarfélaga sem talin væru í mestri þörf fyrir sérstakt viðbótarframlag vegna þróunar í rekstrarumhverfi þeirra og erfiðra ytri aðstæðna.

Á grundvelli reglnanna 2007 var varið 350 m.kr. til sveitarfélaga vegna íbúafækkunar, 350 m.kr. vegna þróunar útsvarsstofns, 350 m.kr. vegna íbúapróunar og 350 m.kr. vegna útgjaldaparfar sameinaðra sveitarfélaga sem féllu undir viðmið hvað þróun útsvarsstofns og íbúapróun varðar.

Einungis kom til úthlutunar framlags hafi heimild sveitarfélags til útsvarsálagningar fyrir tekjuárið 2007 verið fullnýtt af sveitarstjórn. Alls hlutu 38 sveitarfélög aukaframlag á árinu 2007.

## Lengd viðvera

Þann 1. janúar 2007 tók gildi tímabundið samkomulag félagsmálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um jafna greiðsluskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna lengdrar viðveru fatlaðra gunnskólabarna í 5. - 10. bekk sem þurfa gæslu utan venjulegs skólatíma og falla undir tilteknar vinnu- og viðmiðunarreglur Jöfnunarsjóðs.

Samkomulagið nær til áranna 2007 og 2008 og eru samtals 120 m.kr. lagðar til verkefnisins hvort ár. Ríkissjóður leggur 60 m.kr. í verkefnið á ári og sveitarfélögin 60 m.kr. Á grundvelli samkomulagsins annast Jöfnunarsjóður sveitarfélaga úthlutun og greiðslur framlaga til sveitarfélaga.

Á árinu 2007 buðu um 20 sveitarfélög upp á lengda viðveru fyrir fötluð grunnskólabörn í 5. - 10. bekk. Miðað við 50% þátttöku ríkisins námu heildargreiðslur Jöfnunarsjóðs rúmlega 49 m.kr.



## Útgefið efni og vefur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Á árinu 2003 hóf Jöfnunarsjóður sveitarfélaga útgáfu á sérstöku fréttabréfi um húsaleigubætur. Fréttabréfið er gefið út rafrænt á vesiður sjóðsins að loknum hverjum ársfjórðungi. Í ársbyrjun 2007 var ársfjórðungsleg útgáfa fréttabréfsins einfölduð en í stað þess ákveðið að gefa út árlega á vefnum skýrslu sem hefur að geyma samantekt um greiðslur sveitarfélaga á húsaleigubótum, greiðslur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, fjölda þeirra er njóta húsaleigubóta, meðaltalshúsaleigu o.fl. fyrir næstliðið ár.

Á vefsíðu Jöfnunarsjóðs: <http://jofnunarsjodur.samgonguraduneyti.is> er auk þess að finna allar upplýsingar um starfsemi sjóðsins, lagagrundvöll, tekjur, úthlutanir framlaga o.fl.

Fréttatilkygningar birtast á vefnum þegar fyrir liggja samþykktar tillögur ráðgjafarnefndar um úthlutanir einstakra framlaga. Hægt er að gerast áskrifandi að fréttum Jöfnunarsjóðs.

## Rafræn stjórnýsla

Á árinu 2006 tók Jöfnunarsjóður sveitarfélaga í notkun sérstakt umsjónar- og úrvinnslukerfi sem nefnist **Smalinn**. Meginmarkmiðið með kerfinu er að auðvelda upplýsingaöflun hjá sjóðnum og þá um leið úrvinnslu gagna frá sveitarfélögum. Áhersla var lögð á að kerfið væri auðvelt í notkun og aðgangur að gögnum þægilegur bæði fyrir Jöfnunarsjóð og starfsmenn sveitarfélaga. Kerfið var ekki að fullu tekið í notkun fyrr en á árinu 2007 en þá voru öll sveitarfélög farin að skila inn ársfjórðungslegum umsóknum sínum um húsaleigubætur í gegnum **Smalann**.

Fram til þessa hefur kerfið eingöngu verið notað til upplýsingaöflunar og úrvinnslu í tengslum við umsóknir sveitarfélaga um framlög vegna greiðslu þeirra á húsaleigubótum og áætlanagerð þar að lútandi. Þegar til lengri tíma er litið er ætlunin að nýta kerfið til frekari upplýsingaöflunar og úrvinnslu í tengslum við úthlutanir annarra framlaga sjóðsins.

## Ráðgjafarnefnd 2007

### Aðalmenn

Herdís Á. Sæmundardóttir, varaþingmaður, formaður  
Hermann Jón Tómasson, formaður bæjarráðs í Akureyrarkaupstað  
Páley Borgþórsdóttir, formaður bæjarráðs í Vestmannaeyjabæ  
Sigríður Finsen, forseti bæjarstjórnar í Grundarfjarðarbæ  
Valgarður Hilmarsson, forseti bæjarstjórnar í Blönduósarbæ

### Varamenn

Guðjón Bragason, fyrrv. skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneyti, varaformaður  
Ellý Erlingsdóttir, forseti bæjarstjórnar í Hafnarfjarðarkaupstað  
Guðmundur R. Gíslason, forseti bæjarstjórnar í Fjarðabyggð  
Jón Hjartarson, bæjarfulltrúi í Sveitarfélaginu Árborg  
Sigríður Jóna Jóhannesdóttir, bæjarfulltrúi í Reykjanesbæ

## Starfsmenn 2007

Elín Pálsdóttir, forstöðumaður

Elín Gunnarsdóttir, sérfræðingur


Guðni Geir Einarsson, sérfræðingur

## Tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Á grundvelli 8. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, eru Jöfnunarsjóði tryggðar tekjur með eftirfarandi hætti, sbr. 4. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 113/2003:

- Framlag úr ríkissjóði er nemur 2,12% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs.
- Árlegt framlag úr ríkissjóði er nemur 0,264% af álagningarstofni útsvars næstliðins tekjuárs.
- Hlutdeild í útsvarstekjum sveitarfélaga er nemur 0,77% af álagningarstofni útsvars ár hvert.
- Vaxtatekjur.

Á árinu 2007 var einnig um að ræða bein viðbótarframlög frá ríki. Annars vegar var um að ræða aukaframlag til að jafna aðstöðumun sveitarfélaga vegna erfiðra ytri aðstæðna og hins vegar framlag vegna aðkomu ríkisins að átaki til eflingar sveitarstjórnarstigsins.



**Tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga** er varið til að greiða framlög úr sjóðnum á grundvelli ákvæða reglugerðar nr. 113/2003 með síðari breytingum. Sérstakar reglugerðir og reglur kveða nánar á um greiðslur einstakra framlaga og er þeirra getið sérstaklega.

## Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Á grundvelli reglugerðar nr. 113/2003 er framlögum sjóðsins skipt í bundin framlög, sérstök framlög, jöfnunarframlög og jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla.

### Bundin framlög, skv. 6. gr.

Bundin framlög greiðast til eftirtalinnna samtaka og stofnana sveitarfélaga:

- Sambands íslenskra sveitarfélaga
- Landshlutasamtaka sveitarfélaga
- Innheimtustofnunar sveitarfélaga
- Umsjónarnefndar eftirlauna
- Húsafriðunarsjóðs

*Bundin framlög 2007 og 2008 í m.kr.*

	2007	Aætlun 2008
Samband ísl. sveitarfélaga	230	241
Landshlutasamtök	133	138
Innheimtustofnun sveitarfélaga	600	700
Umsjónarnefnd eftirlauna	7	7
Húsafriðunarsjóður	46	47
<b>Samtals</b>	<b>1.016</b>	<b>1.133</b>

### Sérstök framlög, skv. 7. gr.

Sérstök framlög greiðast til sveitarfélaga vegna sérstakra aðstæðna í umhverfi þeirra eða rekstri. Á grundvelli sérstakra framlaga eru veitt eftirfarandi framlög:

- Framlög til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga, sbr. reglur nr. 295/2003 með síðari breytingum. Í tengslum við átak til eflingar sveitarstjórnarstigsins er umtalsverðum fjármunum varið til sameiningarmála á árunum 2005 - 2010.
- Framlög til að greiða úr sérstökum fjárhagserfiðleikum sveitarfélaga í samræmi við tillögur eftirlitsnefndar um fjármál sveitarfélaga.
- Framlög til greiðslu stofnkostnaðar við vatnsveitur á lögbýlum, sbr. reglugerð nr. 973/2000. Bændasamtök Íslands annast stjórnarsýslu varðandi meðferð umsókna og tillögugerð að úthlutun framlaganna.
- Framlög til jöfnunar á tekjutapi einstakra sveitarfélaga vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti í kjölfar breytingar á álagningarstofni mannvirkja, sbr. reglugerð nr. 80/2001, með síðari breytingum.
- Framlög til ráðstöfunar til sveitarfélaga vegna greiðslu þeirra á húsaleigubótum, sbr. reglugerð nr. 122/2003 með síðari breytingum. Heildargreiðslur sveitarfélaga á húsaleigubótum á árinu 2007 námu samtals tæplega 1.513 m.kr. Greiðsluhlutfall Jöfnunarsjóðs var 60%.
- Framlög til sérstakra verkefna á vegum sveitarfélaga eða samtaka þeirra sem geta haft mikla þýðingu fyrir sveitarfélög og leitt til frekari hagræðingar í rekstri þeirra og þjónustu. Hér undir fellur framlag til rekstrar sérstakrar skrifstofu Sambands íslenskra sveitarfélaga í Brüssel. Um er að ræða tilraunaverkefni til

þriggja ára á grundvelli sérstaks samkomulags þar að lútandi milli sambandsins og Jöfnunarsjóðs. Framlagið nemur samtals um 30 m.kr. miðað við verðlag í júlí 2007.


Yfirlit yfir sérstök framlög 2007 og áætlun 2008 í m.kr.

	2007	Aætlun 2008
Framlög vegna sameininga sveitarfélaga	514	700
Framlög vegna fjárhagserfiðleika sveitarfélaga	0	20
Framlög til vatnsveitna á lögbýlum	14	15
Framlög til jöfnunar á tekjutapi v. fasteignaskatts	2.518	2.646
Framlög vegna húsaleigubóta	941	966
Framlög til sérstakra verkefna	10	20
	3.997	4.367

#### Jöfnunarframlög skv. 8. gr.

Til jöfnunarframlaga er varið þeim tekjum Jöfnunarsjóðs, skv. a- og b-lið 4. gr sem eru umfram ráðstöfun skv. 6. og 7. gr. reglugerðar nr. 113/2003, sbr. eftirfarandi:

- Tekjujöfnunarframlögum er úthlutað til að jafna tekjur sveitarfélaga. Útreiknuð framlög eru miðuð við sambærileg sveitarfélög og fullnýtingu tekjustofna þeirra.
- Útgjaldajöfnunarframlögum er varið til að mæta mismunandi útgjaldabörf sveitarfélaga á grundvelli stærðarhagkvæmni og tekna þeirra, að teknu tilliti til þeirra þátta sem áhrif hafa á útgjaldabörf.




#### Jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla, skv. 9. gr.

Tekjum Jöfnunarsjóðs, skv. c-lið 4. gr., að frádregnu bundnu framlagi til Sambands íslenskra sveitarfélaga og hlutdeild í rekstrarkostnaði sjóðsins, er varið til þess að jafna

launakostnað sveitarfélaga af kennslu í grunnskólum og annan kostnað af flutningi grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga, sbr. reglugerð nr. 351/2002.



**Eftirfarandi framlög eru veitt á grundvelli reglugerðar nr. 351/2002:**

- Almenn framlög: Til þeirra framlaga er varið rúmlega 70% af því fjármagni sem Jöfnunarsjóður hefur til ráðstöfunar til greiðslu framlaga til reksturs grunnskóla.
- Framlög vegna sérþarfa fatlaðra nemenda: Um er að ræða sérstök viðbótarframlög vegna mikillar þjónustuparfar fatlaðra grunnskólanemenda og framlag til Reykjavíkurborgar á grundvelli samnings vegna yfirtöku á rekstri sérskóla/sérdeilda.
- Framlög vegna nýbúafræðslu: Um er að ræða viðbótarframlög vegna sérstakrar íslenskukennslu nýrra Íslendinga og framlag til Reykjavíkurborgar á grundvelli samnings vegna starfa kennsluráðgjafa.
- Framlag vegna reksturs skólabúða að Reykjum: Framlag er greitt á grundvelli samkomulags ríkis og sveitarfélaga um yfurfærslu grunnskólans og samnings við Húnaþing vestra sem er rekstraraðili skólabúðanna.
- Framlag til Barnaverndarstofu: Framlag er greitt vegna kennslu barna sem vistuð eru af stofnuninni utan lögheimilissveitarfélags og er framlagið síðan innheimt af viðkomandi sveitarfélagi.
- Önnur framlög: Framlög eru greidd vegna íþyngjandi kostnaðar við rekstur grunnskóla og til einstakra verkefna. Um er að ræða verkefni vegna kennslu langveikra barna utan að landi, kennsluráðgjafar vegna blindra og sjónskertra og aðkoma að átaki Greiningar- og ráðgjafarstöðvar til að stytta biðtíma eftir greiningum stofnunarinnar.



## Heildarframlög Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaga

Eins og áður hefur komið fram hefur orðið mikil hækkun á lögbundnum framlögum í Jöfnunarsjóð á liðnum árum. Að sama skapi hafa framlög úr sjóðnum til sveitarfélaga hækkað verulega.





---

# Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

## Ársreikningur 2007

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga  
Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu  
150 Reykjavík  
kt. 480676-0179





## Staðfesting ársreiknings

Ársreikningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins og eftir sömu reikningskilaaðferðum og árið áður.

Á árinu 2007 var tekjuafgangur af rekstri Jöfnunarsjóðsins 121,1 m.kr. Eignir alls námu 1.292,9 m.kr. í árslok. Skuldir alls voru 680,5 m.kr. og eigið fé 612,4 m.kr. í árslok.

Samgönguráðherra og formaður ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga staðfesta ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2007 með áritun sinni.

Reykjavík, 24. september 2008

Kristján L. Möller  
samgönguráðherra  
(sign.)

Guðmundur Bjarnason  
formaður ráðgjafarnefndar.  
(sign.)

## Áritun endurskoðenda

Til samgönguráðuneytis og ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2007. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

### *Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum*

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

### *Ábyrgð endurskoðenda*

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju og ákvæði laga um Ríkisendurskoðun. Samkvæmt því ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri áhættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem gilda um A-hluta stofnanir og stjórnendur nota við gerð ársreikningsins og framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### *Álit*

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 2007, efnahag 31. desember 2007 og breytingu á handbæru fé á árinu 2007, í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins.

Ríkisendurskoðun, 24. september 2008

Sveinn Arason,  
ríkisendurskoðandi.  
(sign.)

Sigurgeir Bóasson,  
endurskoðandi  
(sign.)

## Rekstrarreikningur árið 2007

<b>Tekjur</b>	<b>Skýr.</b>	<b>2007</b>	<b>2006</b>
Framlag ríkissjóðs.....	1	11.830.165	9.868.752
Framlag sveitarfélaga.....	2	5.927.796	5.058.526
Sérstakt framlag félagsmálaráðuneytis.....	6	49.212	0
Tekjur alls		17.807.173	14.927.278
<b>Framlög</b>			
Bundin framlög.....	3	1.015.529	856.758
Sérstök framlög.....	4	3.997.178	3.899.058
Jöfnunarframlög.....	5	7.068.170	5.485.475
Jöfnunarframlög til grunnskóla.....	6	5.859.236	4.957.531
Stofnkostnaðarframlög.....		0	135.671
Framlög alls		17.940.113	15.334.493
<b>Rekstrarkostnaður</b>			
Laun og launatengd gjöld.....	7	4.077	4.490
Annar rekstrarkostnaður.....	8	44.795	44.008
Rekstrarkostnaður samtals		48.872	48.498
Eignakaup.....	9	272	252
Framlög og gjöld alls		17.989.257	15.383.243
Rekstrarhalli.....		( 182.084)	( 455.965)
Hreinar fjármagnstekjur.....	10	303.208	225.608
Tekjuafgangur ársins		121.124	( 230.357 )

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2007

<b>Eignir</b>	<b>Skýr</b>	<b>31.12.2007</b>	<b>31.12.2006</b>
<b>Veltufjármunir:</b>			
Ríkissjóður.....	13	249.056	262.354
Áfallnar vaxtatekjur.....		155.247	115.427
Aðrar skammtímakröfur.....		4.316	47.032
Skammtímakröfur samtals		<u>408.619</u>	<u>424.813</u>
Handbært fé:			
Bankareikningar.....		<u>884.260</u>	<u>782.783</u>
<b>Eignir alls</b>		<u><u>1.292.879</u></u>	<u><u>1.207.596</u></u>

Utan efnahagsreiknings..... 15

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2007

	Skýr	31.12.2007	31.12.2006
<b>Skuldir og eigið fé</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Höfuðstóll.....	14	612.354	491.230
<b>Skammtímaskuldir:</b>			
Ógreiddur fjármagnstekjuskattur.....		15.525	11.543
Ógreidd framlög.....	11	180.896	185.944
Aðrar skammtímaskuldir.....	12	484.104	518.879
Skammtímaskuldir samtals		680.525	716.366
Skuldir samtals		680.525	716.366
<b>Skuldir og eigið fé alls</b>		1.292.879	1.207.596

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

## Sjóðstreymi árið 2007

	Skýr.	2007	2006
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>			
<i>Veltufé frá rekstri</i>			
Rekstrarafgangur (halli) samkvæmt rekstrarreikningi.....		121.124	( 230.357 )
